



Kópavogi, 1. febrúar 2022
2201695/033.03 RH

Efni: Fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum Kópavogs

Á fundi Bæjarráðs 27. janúar 2022 óskaði bæjarfulltrúi Karen Elísabet Halldórsdóttir eftir að erindi umboðsmanns barna um fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum verði sett á dagskrá bæjarráðs og menntaráðs. Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til umfjöllunar menntaráðs og ungmennaráðs.

Í bréfi Umboðsmanns barna til Mennta- og menningarmálaráðherra dagsett 18. júní 2021 kemur fram að í samtali við fjölbreytta hópa barna um allt land hafa mörg börn kallað eftir því að gerð verði breyting á fyrirkomulagi sundkennslu í efstu bekkjum grunnskóla, m.a. með þeim hætti að sundkennsla verði gerð valkvæð að einhverju leyti. Sumir nemendur telja sig eiga erfitt með að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í sundtímum ásamt því að margir nemendur, sér í lagi hinsegin börn, hafa lýst upplifun sinni af einelti og áreitni í sundkennslu. Umboðsmaður hvetur ráðherra til að taka til skoðunar fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum, þar með talið hæfniviðmið og leita með virkum hætti eftir skoðunum grunnskólanema á því málefni eins og ákvæði Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, gera kröfu um.

Í svari sínu dagsett 2. júlí 2021 bendir ráðherra á það svigrúm sem grunnskólar hafa innan aðalnámskrár til að útfæra kennsluáætlanir í samræmi við hæfniviðmið í einstökum námssviðum og grunnþáttum menntunar. Jafnframt bendir ráðherra á að í undirbúningi sé endurskoðun á greinasviðum Aðalnámskrár hjá Menntamálastofnun en stofnuninni er gert að tryggja markvissa og raunhæfa aðkomu barna og ungmenna að endurskoðuninni á öllum stigum endurskoðunarferilsins.

Reykjavíkurborg hefur nýlega samþykkt tillögu þess efnis að nemendur verði almennt hvattir til að ljúka hæfniviðmiðum í sundi við lok 9. bekkjar en það hefur tíðkast í mörgum skólum í Reykjavík. Í viðtali við sundkennara við grunnskóla í Reykjavík í Vísi dags. 23. janúar 2022 segir að reynslan sýni að nemendur mæta betur og leggja sig betur fram til að ná hæfniviðmiðum ári fyrr en ætlast er til, en það sé hinsvegar ekki hópurinn sem kvíði skólasundi.

Ungmennaráð Kópavogsbæjar hefur fjallað um sundkennslu og benda á í tillögum sínum til bæjarstjórnar vorið 2020 að endurskoða þurfi kröfur í sundkennslu og að leggja ætti áherslu á sundkennslu sem nýtist, til að mynda björgunarsund á unglíngastigi. Einnig má sjá í tillögum þeirra áhyggjur af líðan og leggja þau til að sund verði kynjaskipt frá 5. bekk og að reglur um sundfatnað verði endurskoðaðar.

Sundkennsla í grunnskólum Kópavogs fylgir kröfum Aðalnámskrár grunnskóla en þar kemur fram að skólasund skal vera 1 kennslustund á viku í 1.–10. bekk. Einnig vinna skólar samkvæmt [hæfniviðmiðum í sundkennslu](#) sem fram koma í námskránni.

Í Aðalnámskrá hefur skólastjóri [heimild](#) (kafli 16.8) til að veita undanþágur frá skyldunámi, þ.m.t., skólasundi að uppfylltum vel rökstuddum skilyrðum. Jafnframt er í námskránni heimild fyrir nemendur að ljúka hæfniviðmiðum einstakra námsgreina eða sviða á skemmri tíma en 10 árum.

Í grunnskólum Kópavogs eru bæði þessi ákvæði nýtt vegna skólasunds. Hið fyrra á fyrst og fremst við nemendur sem eru afreksfólk í sundi. Í tveimur skólum er sérstaklega hvatt til þess að nemendur ljúki hæfniviðmiðum við lok 9. bekkjar. Að sögn skólastjóra Vatnsendaskóla ljúka á bilinu 80 – 90% nemenda 10. sundstigi í 9. bekk. Í Lindaskóla ljúka nánast allir nemendur 10. sundstiginu í lok 9. bekkjar og sundkennarar segja að það sé mikil hvatning fyrir nemendur að hafa þennan möguleika. Ofangreind ákvæði í Aðalnámskrá koma ekki nema að litlum hluta til móts við þann hóp barna sem upplifa vanlíðan eða kvíða vegna skólasunds. Þó nokkur fjöldi barna eru með vottorð í sundi sem er áhyggjuefni en það eru frá tveimur og allt upp í 20 nemendur í sumum skólum. Skólar leita leiða, í samstarfi við foreldra, til að styðja þau börn sem eiga erfitt með að mæta í sund. Til dæmis hafa foreldrar tekið að sér að æfa sundfærni barna sinna utan skólatíma og þau mæta síðan eingöngu í próf. Ljóst er að skólar eru að gera ýmislegt til að koma til móts við þarfir nemenda. Áfram verður leitað leiða til að koma enn betur til móts við fjölbreytta hópa nemenda og í því skyni leitað samráðs við nemendur sjálfa.

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar